

Alþingi
Erindi nr. P 139/1450
komudagur 23.2.2011



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2011
Tílvísun: 201102-0005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög, mál nr. 176.

Alþýðusamband Íslands hefur áður sent inn umsögn um sama mál sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi og vísar til þeirrar fyrri umsagnar.

Virðingarfyllt,

Dalla Ólafsdóttir
Lögfræðingur hjá ASÍ

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 22. febrúar 2011

Efni: Umsógn um þskj. 192 — 176. mál á 139. löggjafarþingi 2010–2011

1. ALMENNT

Deloitte hf., fagnar því að verið sé að skoða breytingar á hlutafélagalögum. Vonbrigði eru þó með að stór hluti tillagna, er aðeins tilfærsla á texta en engin raunveruleg breyting á lögnum. Þá eru breytingartillögur sem gerðar eru að aðalefni frumvarpsins, um gegnsæ hlutafélög óljósar, en tilgangur og markmið þeirra á að vera að endurreisa traust á hlutafélagiforminu eftir hrun bankakerfisins. Verður að benda sérstaklega á orðið *bankakerfisins*, í þessu samhengi, sem bæði laut strangari reglum en almennt gengur um hlutafélög, sem og opinberu eftirliti. Það verður því erfitt að sjá að breytingin á félagiformi eins og hér er boðað breyti miklu ef nokkru, enda vantar algerlega hvata fyrir hluthafa til að breyta félagiformi sínu, úr hf. í gengsætt hlutafélag, ghf. Þess í stað eru sett íþyngjandi ákvæði um eignarhald og þyngri refsiramma, sem hvortveggja er frekar letjandi til ákvarðana af því tagi sem flutningsmenn hvetja hér til. Þótt áhyggjur flutningsmanna af hringekju fjármagns séu skiljanlegar og þeir vilji leggja sitt af mörkum til að sporna við að sambærileg áföll gangi aftur yfir þjóðfélagið, er vandséð að þessar tillögur breyti nokkru í viðleitni fyrirtækja við að reisa sig úr rústum fjármálakerfisins.

Áhyggjur flutningsmanna eru skiljanlegar að mörgu leyti. Sérstaklega áhyggjur þeirra um óskýr ákvæði 104. gr. laganna, um bann við lánveitingum til hluthafa og stjórnenda félagsins. Þetta ákvæði hefur í langan tíma verið bitbein um hvað nákvæmlega felist í þessu ákvæði, en með dómaframkvæmd hefur ákveðnu ljósi verið varpað fram, sbr. Hrd. 385/2007 (Baugsdómur). Þetta ákvæði eitt og sér má taka út fyrir sviga til frekari skoðunar, en réttlætir ekki þau afbrigði sem flutningsmenn leggja upp með til að tryggja að lánveitingar verði óheimilar með öilu. Í heildina, er frumvarpið ekki til þess fallið að leysa áhyggjur flutningsmanna, frekar er það til þess fallið að valda erfiðleikum í rekstri gegnsærra hlutafélaga, svo sem á grundvelli samkeppni. Þótt taka megj undir að í mörgum tilvikum má gegnsæi vera meiri í rekstri félaga en nú viðgengst, þá eru á köflum tillögur í frumvarpinu sem eru íþyngjandi og ekki hugsaðar alia leið, með hagsmuni félagsins í huga. Má benda á kostnaðarauka vegna aukinnar ábyrgðar endurskoðenda og upplýsingar sem geta haft bein áhrif á samkeppnisrekstur.

Ef við byggjum í fullkomnum heimi, þá hefði hrunið aldrei komið. Í þeim heimi sem við búum í þá er afar erfitt fyrir fyrirtæki, sem eru í formi gegnsæis hlutafélag, að dafna og þroskast á þeim grundvelli sem byggt er á í frumvarpinu. Fjármögnun er erfið þar sem miklar takmarkanir eru á eignarhaldi og refsigleði frumvarpsins gengur út fyrir skynsemismörk og eru á skjön við aðrar refsingar í hlutafélagalögum og refsiramma annarra laga svo sem 28. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Hér á eftir eru raktar helstu athugasemdir Deloitte við frumvarpið, eftir því sem við á.

2. EINSTÖK ATRÍÐI FRUMVARPSINS

1 – 9. GREIN OG B LIÐUR 10. GREINAR FRUMVARPSINS

Í greinum nr. 1-9 ásamt breytingatillögum 10. gr. b, sem koma eiga inn sem 165. gr. hlutafélagalaga eru efnislega samhljóma. Undantekning er þar sem vísað er til 1. mgr. 63. gr. hlutafélagalaga þar sem áskilið er að takmarkanir sem nú er gert ráð fyrir, þ.e. að fyrirtæki með a.mk. 50 starfsmenn þurfi að taka tillit til kynjajafnvægis við skipun í stjórn félag, muni ekki eiga við opinber félags, án tillit til stærðar þess. Þetta vísar ekki til annars en að kynjajafnvægis sé gætt við skipun stjórnna. Efnislega telur Deloitte þessa breytingu engu skipta varðandi flest hlutafélög í eigu ríkis og sveitarfélaga, sem lúta að öðru leyti hlutafélagalögum.

A. LIÐUR 10. GREINAR FRUMVARPSINS (164.GR.)

Sú hugmyndafræði sem fram kemur í frumvarpinu um gegnsæ hlutafélög eru mjög óljós. Við lestur frumvarpsins verður að spyrja eftirfarandi spurninga:

1. Hverjum gagnast þetta form?
2. Hver er ávinningurinn af breytingunni?
3. Hafa takmarkanir úr hf. í ghf. áhrif á rekstur félagsins?


Í fyrstu málsgrein a. liðar 10. gr. frumvarpsins, sem gert er ráð fyrir að verði 164. gr. hlutafélagalaga kemur fram að gegnsætt hlutafélag sé hlutafélag sem uppfyllir öll skilyrði þessarar greinar auk annarra skilyrða laganna. Samkvæmt þessu eru auknar kröfur gerðar til ghf., en almennt er gert tíi félag sem skráð eru sem almenn hlutafélög (hf).

Ein elsta meginregla hlutafélagaréttarins er reglan um takmarkaða ábyrgð, sem fram kemur í 2. mgr. 1. gr. hlutafélagalaganna. Þessi regla er alþjóðleg og þróaðist hratt eftir dóm *Salomon gegn Salomon* sem féll í *House Of Lords*, 16. nóvember 1896. Alla tíð síðan hafa menn fylgt þessu fordæmi og er þetta virk meginregla um allan heim, sem á annað borð býður upp á lög um hlutafélög. Má nefna sem dæmi Bandaríkin, Bretland, Þýskaland, Kína og Ísland þar sem grunnhugsunin er til staðar. Í seinni tíð hafa komið upp sjónarmið sem lúta að því hvort ábyrgð hluthafa sé einvörðungu miðuð við innborgað hlutafé sitt, eða hvort möguleiki sé á að skoða raunverulega þátttöku viðkomandi hluthafa í reksti félags. Vísast hér til þátta eins og *brottfall ábyrgðartakmörkunar* eða meinta *skuggastjórnendur*.

Með brottfalli ábyrgðartakmörkunar er átt við að ábyrgðin verður ekki takmörkuð vegna hegðunar aðilans, heldur verður ótakmörkuð. Slík ábyrgð, ef skilgreind væri í hlutafélagalögum, gæti náð yfir ábyrgð sem reynt er að koma á í frumvarpinu og tæki þá til allra gerða hlutafélaga, að því gefnu að samsvarandi ákvæði væri einnig sett í einkahlutafélagalögin. Með skuggastjórnun er átt við að aðili sem ekki er skráður stjórnandi í hlutafélagi, heldur samt um stjórnartaumanna, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Um 3. mgr.

Í þessu ákvæði er fjallað um bannreglu sem segir að ghf. megi ekki eiga í eiganda sínum, hvorki beint eða óbeint. Telja flutningsmenn að það tryggi að fjárstreymi fari ekki í hringi í ghf., sem þeir telja einn versta kost núverandi hlutafélagafoms. Þetta þýðir, að ghf. getur ekki átt í fyrirtæki sem er ofar í röðinni. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að venjuleg hlutafélög eigi hlut í ghf., en er skilyrt að eignarhald sé frá móðurfélagi til dótturfélags, en ekki öfugt. Þessi regla leiðir ekki til þess að ghf. eigi í systurfélögum sínum, sem öll eiga sama móðurfélag, eða dótturfélögum dótturfélaga. Það er einungis skilyrt skv. frumvarpinu að ghf. megi aðeins eiga í öðrum ghf. þar sem ghf. verða að uppfylla skilyrði til þess að hafa a.m.k. tvo hluthafa, sbr. 3. mgr. 1. gr. hlutafélagalaga, þá verður ekki séð að einstaklingar eða önnur ghf., sem eru ofar í keðjunni eigi einnig í félögum sem eru neðar. Það er því ekki séð að krosseignatengsl breytist nokkuð vegna formsins. Það er eindregin afstaða Deloitte að það er ekki formið sem veldur misnotkun þess á markaðnum, heldur þeir sem umgangast það. Eftirfarandi mynd skýrir þetta aðeins betur hvernig eignahlutir geta dreifst á milli ghf. Örvagnar gefa til kynna hver getur átt í hverjum.



Í sömu málsgrein kemur fram að ghf. megi ekki lána eða veita tryggingar til aðila með takmarkaða ábyrgð. Án þess að það komi fram sérstaklega, verður að gera ráð fyrir að lánveitingar með þessum hætti eigi við lán, sem ekki eru tengd beinum viðskiptum milli aðila, heldur fjárhæðir sem lánatakandi tekur t.d. í þeim tilgangi að kaupa hlutabréf í lánveitanda, eða til annarrar nýtingar í þágu lántaka. Ef það væri ekki, kemur upp sérstök staða þar sem ghf. getur ekki átt eðlileg viðskipti með framieiðsluvörur sínar, á gjaldfresti. Það getur ekki verið markmið frumvarpsins að verða svo heftandi. Af þessu leiðir að ghf. getur ekki lánað fé til þriðja aðila, skylds eða óskyld ef lánatakandi er ghf, ehf, hf. eða samlagsfélag. Ef t.d. dótturfélag sem er ghf. á móðurfélag sem er ghf., getur dótturfélagið ekki fengið lán frá móðurfélaginu til að standa við skuldbindingar sínar ef það er illa statt fjárhagslega. Hér væri þá gerð krafa um að auka hlutafé í dótturfélaginu, gefa það upp til gjaldþrotaskipta eða ef möguleiki væri fyrir félagið sjálft að fá lán hjá t.d. lánastofnun, en þá kann að koma upp spurning varðandi tryggingar. Að auka hlutafé tekur nokkurn tíma og getur kallað á ákvörðun hluthafafundar í móðurfélagi, en lánveiting gæti verið ákvörðun stjórnar móðurfélagsins, ef um lánveitingu tii dótturfélagsins er að ræða. Þetta er afar íþyngjandi ákvæði fyrir ghf. Hér skiptir einnig máli hvort lánveitingar sé hluti af tilgangi viðkomandi félags. Við þessar kringumstæður getur hlutafélag- eða einkahlutafélagafarmið verið mun hentugra, þar sem mönnum er heimilt að taka viðskiptalegar ákvarðanir, sem eru mjög heftandi í ghf.

Í hlutafélagalögum er vísað í 104. gr. þegar kemur að banni við lánveitingum til hluthafa og stjórnarmanna. Deloitte telur að það sé ekki ákvæðið sjálft sem leiði til þess hvernig fyrirtæki og starfsmenn þeirra hafa útfært valréttarsamninga sína. Það þarf ekki að vera nokkuð athugavert við að starfsmaður fái valrétt á hlutabréf, vegna starfa sinna hjá félaginu. Þetta eru persónubundin réttindndi sem tengjast launasamningi og eiga að meðhöndlust sem slík. Ef starfsmaðurinn gerir slíkan samning við vinnuveitanda sinn, vakna spurningar ef bæði lánið og bréfin sem keypt voru eru sett í einkahlutafélag. Þá er ekki verið að gera samning við starfsmanninn heldur sjálfstæðan lögaðila sem er allt annað mál. Hér geta sjónarmið um samsömun komið upp. Með samsömun er átt við að háttsemi aðila hefur sömu réttaráhrif á réttarstöðu annars, eins og sá hefði sjálfur viðhaft háttsemina.^{1,2} Það er þegar kröfuhafar, sem annars ættu að fá greiðslu frá félaginu, geta sótt þær beint á hluthafann. Þessu til viðbótar geta komið til skoðunar skaðabótakröfur þar sem sýnt þykir að viðkomandi hluthafi hafi með hegðun sinni valdið tjóni sem hægt er að heimfæra til skaðabótareglna hlutafélagalaganna eða sakareglunnar. Þessa leið hafa mörg erlend ríki farið og má nefna lönd þar sem réttarkerfið byggir á fordæmisrétti (e.Common law) í fararbroddi við samsömun hluthafanna við félagið sjálft. Hluthafar verða því að virða það form sem er á hlutafélagum. Í Bandarískum dómi, Kinney Shoe Corp V Polan sagði dómurinn um formið:

„Individuals who wish to enjoy limited personal liability for business activities under a corporate umbrella should be expected to adhere to the relatively simple formalities of creating and maintaining a corporate entity. This is a relatively small price to pay for limited liability“.

Deloitte getur tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í greinagerðinni með frumvarpinu að það er ekki eðlilega að viðskiptum staðið þar sem sömu fjármunir fara frá einu fyrirtæki til annars án þess að verðmæti verði tii í raun. Hins vegar telur Deloitte að þær breytingar sem lagðar eru fram í þessu

¹ Viðar Már Matthíasson, *Skaðabótaréttur*, bls. 102.

² Vandekerckhove, Karen. *Piercing the Corporate Veil. European Company Law Series, Volume 2. Alpen aan den Rijn, 2007* bls. 13.

frumvarpi séu ekki heppileg leið til að sporna við þessum þætti. Þau sjónarmið sem fram komu í umsögn um 3. mgr. eiga að flestu leyti við um 4. mgr. og verður hún því ekki tekin til sérstakrar umfjöllunar.

Um 5. mgr.

Þessi grein segir í raun allt sem segja þarf um lokað hagkerfi, sem hingað til hefur ekki verið talið af hinu góða í viðskiptum. Flutningsmenn verða að hafa tvær af meginreglum hlutafélagaréttarins til hliðsjónar við skýringu á ákvæði sem þessu. Annars vegar jafnræðisreglu hlutafélagaréttarins sem fram kemur sem grunnregla í 20. gr. hlutafélagalaga, með þeim undantekningum að mismunandi flokkar geti verið í félagi sem hafa mismunandi réttindi, en það er þá umsemjanlegt en ekki lögbundið. Hins vegar er sú mikilvæga minnihlutavernd um að geta tekið afstöðu til málefna sem lagðar eru fram á hluthafafundum. Með því að draga atkvæðaréttinn frá hluthöfum sem bera takmarkaða ábyrgð, öðrum en ghf., þá er brotið með alvarlegum hætti á meginreglum hlutafélagaréttarins og tryggir það eitt að peningar, sem kæmu sem arðgreiðsla fara eingöngu inn í lokaða hagkerfið sem er búið til í kringum þessi félög. Við það verður ekki unað. Um 6. mgr. vísast í umfjöllun um 3. mgr. og verður ekki sérstök umfjöllun af þeim ástæðum um þá málsgrein.

Um 7. mgr.

Deloitte telur það til bóta að listi yfir hluthafa sé birtur á vefsíðu félagsins. Þó væri ekki óeðlilegt að hluthafalisti væri aðgengilegur hjá hlutafélagaskrár og uppfærður þar. Deloitte skilur ekki þá mismunun sem sett er á að ekki þurfi að upplýsa um einstaklinga með sama hætti og félög. Það er auðvelt fyrir fyrirtæki að komast hjá þessu með skráningu á hlut í félagi ef þetta verður niðurstaðan. Að birta samþykktir félagsins eru af hinu góða svo það liggja fyrir hver t.d. tilgangur félagsins er og fleira sem skiptir máli. Þessar upplýsingar koma þó ekki í veg fyrir að hluthafar í ghf. geri með sér hluthafasamkomulag, sem þá er einkaréttarlegt skjal og ekki skilyrt að sé birt á vef félagsins.

Deloitte skilur hins vegar ekki með hvaða hætti skýrsla endurskoðenda til fyrirtækisins eigi erindi til almennings. Þar geta verið ábendingar um viðkvæm málefni sem jafnvel fyrirtækið er að skoða svo sem kaup á fyrirtækjum, samruna, yfirtöku eða fjármögnun verkefna á samkeppnismarkaði. Hér geta verið mjög viðkvæm málefni, sem geta haft áhrif á efnahagsreikning félagsins, ábendingar endurskoðanda í endurskoðunarskýrsium til félagsins. Samkeppni er viðkvæm og fyrirtæki sem eru ghf. eru ekki undanskilin samkeppni og því verður erfitt að sjá hvaða tilgangi þetta þjóni. Hið sama getur átt við um árshlutareikning og samstæðureikning. Þar geta verið viðkvæmar upplýsingar sem ekki endilega eiga erindi við alla. Þótt Deloitte telji að almennt eigi upplýsingar úr rekstri fyrirtækja að vera aðgengilegar þeim sem vilja, er hér atriði sem nær væri að skoða í stærra samhengi og gera sambærilega kröfu um ársreikninga til allra fyrirtækja, ekki eingöngu ghf. Ef það er skoðun flutningasmanna að þessar upplýsingar eigi erindi við almenning, þá hljóta þær einnig að eiga við um öll önnur fyrirtæki.

Um 8. mgr.

Í viðskiptum geta verðmæti verið fólgin í ýmsu öðru en beinhörðum peningum. Það getur hins vegar verið íþyngjandi fyrir hluthafa og jafnvel fyrirtæki að hafa þennan háttinn á við greiðslu hlutafjár. Þessi leið kemur t.d. í veg fyrir útgáfu skuldabréfa eða að fasteign sé að einhverjum hluta notuð sem inngreitt hlutafé. Deloitte telur þennan háttinn frekar hafa fælingarmátt og varðar ekki álitamál um

jafnræði hluthafa, svo fremi sem eðlilegt mat er lagt til grundvallar, líkt og kveðið er á um í 5. gr. hlutafélagalaganna, nú þegar. Sá sem hefur vél sem hefur verðmæti 10 milljónir og vill leggja hana sem hlutafé í fyrirtæki á því ekki möguleika á að setja hana í ghf. miðað við þessa reglu. Í hnotskurn þýðir þessi regla að þrátt fyrir að menn vilji jafnvel stofna ghf., með innlagningu verðmæta, þá geta þeir það ekki. Þessu félagiformi verður því sjálfkrafa ýtt til hliðar. Þegar t.d. ehf. eða hf. hefur verið stofnað á þessum grunni geta menn síðan breytt í ghf. standi vilji til þess, en þá er hlutafé þegar skráð og engin krafa er í ghf. Reglunum, eins og þær liggja fyrir, að sjóður með eigin fé sé til staðar við slíkar breytingar. Hér er því enn einn þröskuldurinn í vegi fyrir rekstrarformi ghf., sem leiðir til þess að menn velja ekki þetta form. Þá er auðvelt að sniðganga þessa reglu.

Um 9. mgr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir refsþyngingu vegna vísitandi rangra eða villandi upplýsinga. Það stenst ekki jafnræðisreglu að vera með mismunandi refsiskilyrði fyrir sömu brot innan sömu laga, eftir því hvert formið er á félaginu. Það er heldur ekkert sem gerir ghf., svo sérstakt að það kalli á sérrefsingar. Hér er það ekki brotið sjálft sem verður aðalatriðið, heldur formið. Af hverju ætti endurskoðandi að taka að sér endurskoðun fyrir ghf. þegar refsiramminn er þrefalt þyngri en í hf. eða ehf? Það verður ekki séð að þetta ákvæði ná tilgangi sínum og hafi frekar þann tilgang að fæla endurskoðendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjóra frá því að taka á sig ábyrgð. Þetta refsíákvæði hefur kostnaðarauka í för með sér fyrir ghf., við ráðningu endurskoðanda, þar sem áhættugreining endurskoðunarfyrirtækja verður meiri og þar með dýrari.

Í þessari málgrein er vísað til þess að stjórnarmaður og framkvæmdastjóri undirgangist sömu refsheimild og endurskoðandi vegna brota á 153. gr. hfl., um ranga upplýsingagjöf. Þetta ákvæði hefur hvað oftast í dómaframkvæmd verið brotið í tengslum við 104. gr. hlutafélagalaga. Í frumvarpinu er vísað til þess að ábyrgðin gildi þótt viðkomandi hafi ekki verlið á stjórnarfundi eða sé hættur störfum. Það er skiljanlegt að stjórnarmaður og framkvæmdastjóri beri ábyrgð á röngum og villandi upplýsingum þótt hann hætti störfum hjá félaginu, enda hafi brotið átt sér stað meðan viðkomandi sat í stjórn eða var í starfi hjá félaginu. Það fær hins vegar engan skilning hjá Deloitte þegar stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri er gerður hlutlægt ábyrgur ef viðkomandi mætir ekki á stjórnarfundi. Þetta er óskiljanlegt ákvæði. Flytjendur frumvarpsins reyna að klóra í bakkann með því að setja verulega matskennt ákvæði um að ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri geti ekki af óviðráðanlegum orsökum verið viðstaddur stjórnarfund sé hann ekki ábyrgur. Hvað eru óviðráðanleg orsök, hverjum á að tilkynna og hver á að meta hvað óviðráðanleg orsök eru? Nýlega var tekið út úr 76. gr. laganna ákvæði sem var álíka matskennt og þetta ákvæði, en það var orðið *bersýnilega*, sem þótti hafa svo matskennda tilvísun að ekki var möguleiki að fylgja því eftir. Fram til þessa hefur meginreglan verið sú að stjórn ber ábyrgð á stjórn fyrirtækisins og ef sýnt er að einhver stjórnarmaður er ekki viðstaddur er hann ekki gerður ábyrgur fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru á slíkum fundi og brjóta gegn lögum. Þannig væri fráleitt að gera stjórnarmann ábyrgan fyrir t.d. greiðslu sektar eða fangelsissvistar ef sannað væri að hann hafi ekki verið á fundi þegar ákvörðun félagsstjórnar var tekin um að greiða ekki virðisaukaskatt. Þessi hlutlæga ábyrgð sem lögð er á með þessum hætti er fráleit og gengur ekki upp í rekstri. Hver vill sitja í stjórn fyrirtækis þegar ákvarðanir annarra geta haft svo afdrifaríkar afleiðingar á eigið líf. Að endingu er vert að benda á að í 76. gr. hlutafélagalaganna er lagt bann við því að nokkuð sé framkvæmt sem ber í bága við lög eða félagssamþykktir.

Það lagaboð um að endurskoðendur verði settir í þá stöðu að kynna ábyrgð sem stjórnarmenn og framkvæmdastjóri bera skv. lögum er afar sérkennilegt. Hvenær urðu endurskoðendur sérfræðingar í lagatúlkun og skýringum? Það er sérkennilegt að fá aðila sem EKKI eru menntaðir í lögum til að skýra út hver ábyrgð einstakra aðila er á grundvelli laganna. Það verður að telja að þetta séu mistök hjá flytjendum frumvarpsins, en ef svo er ekki, er algert þekkingarleysi á störfum endurskoðenda. Það verður að draga það í efa að t.d. lögfræðingar verði fengnir til að túlka rekstrar- og efnahagsreikning fyrirtækja án aðkomu endurskoðenda. Lögfræðingar eru sérmenntaðir í lagatúlkun og því væri eðlilegra að lögfræðingar tækju þennan þátt að sér að upplýsa um þá ábyrgð sem skilgreind er í lögnum.

Vísað er til þess að ef stjórnarmaður eða endurskoðandi er ósáttur við ákvörðun stjórnar getur viðkomandi bókað afstöðu sína og skal hún birt á vefsíðu félagsins og á næsta félagsfundi. Hér er ekki með afgerandi hætti tilgreint við hvaða tímamark viðkomandi aðili verður án ábyrgðar. Er það þegar afstaðan er bókuð, þegar hún er birt á vefsíðu félagsins eða þegar hún hefur verið birt á félagsfundi. Þarf kannski að uppfylla öll skilyrðin. Þetta er óljóst.

Að endingu er vísað til þess að úrsagnir stjórnarmanna og endurskoðanda taka ekki gildi fyrr en tilkynning um nýjan aðila hefur borist hlutafélagaskrá.

Þótt meginreglan í dómaframkvæmd hafi verið þannig að tilkynning til hlutafélagaskrár hafi ráðið hvenær úrsögn tekur gildi geta komið upp atvik þar sem stjórnarmaður hefur sagt sig frá stjórnarsetu, eða endurskoðandi sagt sig frá endurskoðun félagsins með bókun á fundi og jafnvel tilkynnt hlutafélagaskrá samdægurs. Það getur því ekki verið á ábyrgð þess aðila hvaða ákvarðanir aðrir stjórnarmenn kunna að taka eftir að sá sem sagði sig frá verkinu er farinn. Þá er óeðlilegt að beðið sé eftir því að hluthafafundur sé kvaddur saman til að kjósa nýjan aðilmann ef svo ber undir. Þetta er því aftur hlutlæg ábyrgð sem gengur allt of langt og hefur frekar fælandi áhrif á að menn starfi í ghf. sem stjórnarmenn og endurskoðendur.

Um 10. mgr.


Deloitte hefur ekkert við þessa grein að athuga umfram það sem áður er fram komið.

3. SAMANTEKT

Í inngangi að umsögn þessari var varpað fram þremur spurningum, um hverjum þetta frumvarp gagnast, hver væri ávinningurinn og hvort takmarkanir hafi einhver áhrif á rekstur félagsins. Að framan er farið ítarlega í að svara þessum spurningum en til einföldunar verður að segjast að markmiðið með frumvarpinu er óljóst. Fyrirhugaðar breytingar hafa ekkert fram að færa sem hefur ávinning í för með sér fyrir hluthafa og því er allur hvati til breytinga á formi félagsins farinn, en verulegar auknar skyldur og heftandi ákvæði munu ríkja um viðskipti ghf., ná frumvarpið fram að ganga.


Deloitte getur ekki eins og þetta frumvarp liggur fyrir mælt með því að hlutafélög eða einkahlutafélög breyti formi sínu í ghf. Það þarf meira en þetta frumvarp til þess.

Deloitte er tilbúið til að veita frekari aðstoð og skýringar ef þess verður leitað.



Vala Valtýsdóttir
Forstöðumaður
Skatta- og lögfræðisviðs

Virðingarfyllst
f.h. Deloitte



Pétur Steinn Guðmundsson
Lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisviði



Viðskiptanefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík.

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 8800 bréfasími: 511 1161
postur@evr.is evr.is

Reykjavík 22. febrúar 2011
Tilv.: EVR10050087/0.3.0

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur samkvæmt beiðni yðar um unsögn athugað frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, flutt af Péttri H. Blöndal og fl. (139. löggjafarþing 2010-2011 (þskj. 192 - 176. mál)). Frumvarpið snertir einkum gagnsæ hlutafélög. Áður hafa verið veittar umsagnir um skylda þingsályktunartillögu með bréfum til nefndarinnar 4. júní og 10. ágúst 2009. Vill ráðuneytið gera nokkrar athugasemdir nú.

Ráðuneytið vekur athygli á að með lögum nr. 13/2010 hefur verið breytt reglum um eignarhald á hluta- og einkahlutafélögum svo og reglum um hlutafélög og fleiri félög með tilliti til minnihlutaverndar o.fl. með lögum nr. 68/2010.

Ráðuneytið telur ráðlegra en að stofna til nýs hlutafélagaforms að lögum, þ.e. gegnsærra hlutafélaga, að athuga með breytingar á einstökum ákvæðum í efnisrétti hlutafélagaréttarins. Ekki er vitað til þess að lög séu til um þessa tegund félaga annars staðar. Þá skal bent á að í unsögn um framangreinda þingsályktunartillögu taldi Kauphöll Íslands álitamál hvort lagasetning um slík félög væri heppilegasta leiðin. Félög gætu sjálf sett sér reglur um gagnsæi sem Viðskiptaráð Íslands héldi utan um og gæfi gæðastimpil á. Það er athyglisverð hugmynd hvað snertir auðkenningu á sérstöðu vissra félaga. Seðlabanki Íslands benti þá á nauðsyn þess að fylgja þróun í Evrópu á sviði félagaréttar. Sama hefur síðar komið fram hjá Viðskiptaráði Íslands varðandi frumvarpið. Í tillögunni kom á sínum tíma fram að unnt væri að draga úr óheillavænum afleiðingum gagnkvæms eignarhalds með skattlagningu arðs og voru Bandaríkin nefnd sem dæmi.


Ekki kemur fram í frumvarpinu hvernig staðið var að samningu þess. Mikilvægt er að athugað sé betur hvort einstök ákvæði um gagnsæ hlutafélög séu í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Sem dæmi má nefna að í frumvarpinu stendur: „Gegnsætt hlutafélag má ekki eiga hluti í öðrum félögum en gegnsægjum hlutafélögum.“ Stenst þetta bannákvæði grundvallarfrelsisreglur EES-samningsins og jafnframt EES-laganna um staðfesturétt? Fleiri ákvæði kunna að þurfa sérstakrar athugunar við með tilliti til EES-réttar. Í þessu sambandi má nefna að í athugasemdum, þar sem rætt er um erlend hlutafélög sem eigendur gagnsæis hlutafélags, segir að erlent félag geti aldrei farið með atkvæðisrétt í slíku félagi. Sýnist frumvarpið þurfa gagngerrar skoðunar við að þessu leyti og ætti jafnvel að leita álits eftirlitsstofnunar EFTA fyrirfram um ákvæði frumvarpsins. Nefna má fleiri atriði, t.d. að það sé spurning hvort fela eigi opinberum stofnunum að halda utan um eigendatré allra gegnsærra hlutafélaga. Samkvæmt gildandi hlutafélagalöggjöf halda um 30.000 hluta- og einkafélög sína hlutaskrá sjálf og virðist fjarlægð að koma öllu því starfi yfir á fámennar opinberar stofnanir en hlutaskrárnar geta breyst daglega. Sýnist betra að félögin sjái sem hingað til um þessa starfsemi eða feli sérhæfðum aðilum að gera það.

Hvað snertir opinber hlutafélög var á sínum tíma byggt á dreifðum lagaákvæðum í Danmörku og Noregi. Sérákvæðin eru höfð á mismunandi stöðum í lögnum eftir efni þeirra og fer því ekki framhjá neinum ef sérákvæði gilda um þau félög þegar horft er á viðkomandi efnisákvæði. Álitamál

er hvort safna eigi öllum þessum ákvæðum í einn kafla í lögunum.

Fyrir hönd ráðherra


Helga Jónsdóttir


Jón Ögmundur Þormóðsson

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
bt. viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 139/1486
komudagur 25. 2. 2011

22. febrúar 2011
Tilvísun: 2011020011


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum (gegnþæ hlutafélög), 176. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs, dags. 3. febrúar sl., þar sem viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum (gegnþæ hlutafélög), 176. mál.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Ragnar Hafliðason



Guðrún Finnborg Þóroardóttir

Alþingi

Erindi nr. *Þ* 139/1517

komudagur 25.2.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. febrúar 2011
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, 176. mál

Vísað er til tölvupósts viðskiptanefndar Alþingis frá 3. febrúar 2011 þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995. Í frumvarpinu eru settar fram tillögur um að búa til tegund hlutafélaga með gagnsætt eignarhald.

Kauphöllin tekur undir að markmið frumvarpsins um gagnsæi í rekstri hlutafélaga sé mikilvægt. Ljóst er að nauðsynlegt er að stefna að gagnsærra samfélagi og er það stór þáttur í því að auka skilvirkni efnahagslífsins og trúverðugleika fjármálakerfisins. Kauphöllin telur því að gagnsæi sé mikilvægur liður í því að hægt sé að efla traust fjárfesta og almennings á íslensku viðskiptalífi.

Kauphöllin vill þó koma fram með þá ábendingu að hugað sé að samræmingu við lagasetningu annarra Evrópuríkja. Ósamræmi í lagasetningu geti skert samkeppnisgrundvöll íslenskra félaga og því sé nauðsynlegt að farið sé vandlega yfir hvort samskonar reglur verði með einhverjum hætti útfærðar innan Evrópusambandsins. Enn fremur telur Kauphöllin rétt að benda á að löng og góð reynsla er af almennum hlutafélögum (hf.) og vert sé að íhuga hver staða almennra hlutafélaga yrði ef frumvarpið næði fram að ganga, þ.e. hvort stofnun tegundar gagnsærra hlutafélaga sé til þess fallin að grafa undan trausti til þeirra félaga sem ekki hafa ávinning af eða möguleika á að færa sig undir hið nýja hlutafélagform. Má í þessu sambandi sérstaklega benda á að samkvæmt frumvarpinu þarf, til að ná fram breytingu frá almennu hlutafélagi í gagnsætt hlutafélag, samþykki hluthafa sem ráða yfir meiru en 9/10 hluta þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundi. Er því líklegt að fjöldinn allur af almennum hlutafélögum og þá jafnframt félögum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, hafi ekki tilefni til eða möguleika á því að færa félagformið yfir í gagnsætt hlutafélag.

Virðingarfyllst,



f.h. NASDAQ OMX Iceland hf.
Magnús Kristinn Ásgeirsson,
lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 139/1470
komudagur 23.2.2011



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsagnir við frumvarp til laga um hlutafélög (gegnæ hlutafélög), 176. mál.

PricewaterhouseCoopers ehf. þakkar fyrir að fá að hafa verið boðið að gera athugasemdir við frumvarpið en við gerum að svo stöddu ekki efnislegar athugasemdir.

Reykjavík, 23. febrúar 2011

Virðingarfyllst,

Halla Ýr Albertsdóttir

Halla Ýr Albertsdóttir
halla.albertsdottir@is.pwc.com

S: 550-5368

F: 550-5302



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 139/1451
komudagur 23.2.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	22. febrúar 2011	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis, dags. 3. febrúar þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hlutafélög (gagnsæ hlutafélög) 176 . mál.

Til svars erindinu vísar Ríkisendurskoðun til hjálagðrar umsagnar sinnar um sama mál í bréfi til nefndarinnar, dags. 19. maí sl., en það var til umfjöllunar í nefndinni á síðasta þingi.

Stjórnir

Ríkisendurskoðun

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,

19. maí 2010

A-8
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK

Vísað er til erindis viðskiptanefndar Alþingis dags. 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagna um frumvarp til laga um hlutafélög (gagnsæ hlutafélög), 499. mál.

Ofangreindu frumvarpi er ætlað að endurreisa traust á hlutafélögum með breytingum á lagaumgjörð hlutafélaga og koma þannig “í veg fyrir að fé renni viðstöðulítið í hringi og skekki eignarhald” eins og orðrétt segir í almennum athugasemdum með frumvarpinu. Frumvarpinu er ætlað stuðla að eignarhald á hlutafélögum verði gegnsætt ásamt því að auka ábyrgð stjórnarmanna og endurskoðenda.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur ekki athugasemdir fram að færa við frumvarpið.



Alþingi
Erindi nr. P 139/1482
komudagur 25. 2. 2011

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 22. febrúar 2011

Tilvísun: 2011020026

50.03



Tilvísun yðar: þskj. 192 - 176. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um hlutafélög (gegnæ hlutafélög)

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 3. febrúar sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um hlutafélög (gegnæ hlutafélög), 176. mál. Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra er ekki tekin afstaða til frumvarpsins.

F.h. RLS

 / 
Thelma Cl. Þórðardóttir / Gísli Pálsson



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi

Erindi nr. Þ 139/129/

komudagur 11.2.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2011 02-2011020015
T-ums 08/11

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum - 176. mál, þskj. 192.

Ríkisskattstjóri hefur þann 3. febrúar 2011 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að því sé ætlað að endurreisa traust á hlutafélögum með því að koma í veg fyrir og uppræta veilu í hlutafélagiforminu, koma í veg fyrir að fé renni viðstöðulítið í hringi og skekki eignarhald, sýni eigið fé sem ekki er til staðar og hagnað sem ekki er raunhæfur.

Frumvarpið varð áður flutt á 138. löggjafarþingi en fékk ekki afgreiðslu. Þá var á 136. og 137. löggjafarþingi flutt tillaga til þingsályktunar þess efnis að viðskiptanefnd yrði falið að semja frumvarp um gegnsæ hlutafélög. Markmið lagasetningarinnar átti að vera að búa til nýja tegund hlutafélaga sem eru með gegnsætt eignarhald, bæði gagnvart eigendum beint og óbeint og einnig gagnvart dótturfélögum beint og óbeint. Tillagan varð ekki útrædd.

Í tilefni af framangreindri frumvarpi sem flutt var á 138. löggjafarþingi lét ríkisskattstjóri þann 19. maí 2010, í té umsögn til viðskiptanefndar þar sem sagði:

„Ríkisskattstjóri fagnar framkomnu frumvarpi en leggur til að orðalag 4. og 8. mgr. a-liðar 10. gr. verði lagfært þannig að orðalag málsgreinanna samræmist betur þeim tilgangi sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu

Embættið leggur til að 4. mgr. a-liðar 10. gr. frumvarpsins hljóði svo: „Ekki er heimilt að veðsetja hluti í gegnsæju hlutafélagi nema veðhafi sé gegnsætt hlutafélag eða aðili með ótakmarkaða ábyrgð og eru aðrar veðsetningar ógildar.“

Þá telur ríkisskattstjóri að 8. mgr. a-liðar 10. gr. eigi að hljóða svo: „Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. skal hlutafé í gegnsæu hlutafélagi ávallt greitt með reiðufé og gildir það jafnt um greiðslu stofnhlutafjár sem og við hlutafjárhækkunir hjá félaginu.“


Þá vekur ríkisskattstjóri athygli á að í frumvarpinu er ekki að finna öflugan hvata til að stuðla að breytingu hlutafélaga yfir í það að vera gagnsæ hlutafélög, nema að hugsanlega verði fjárfestar fúsari til að leggja fram hlutafé í slík félög umfram önnur og að hugsanlega verði lántaka auðveldari.


Þá er jafnframt ástæða til að vekja athygli á að þegar einkahlutafélagiformið var lögfest 1994 var löggjöfin sniðin að félögum sem væru með mun minni umsvif og þrengra eignarhald en hlutafélög. Af þeim sökum þótti ekki ástæða til að hafa ýmis atriði laga um einkahlutafélög eins skýr eða takmörkuð og þau sem gilda um hlutafélög. Síðustu vikur hefur hlutafélagaskrá móttengið tilkynningar um breytingar á samþykktum félaga þar sem þeim er heimilað að gefa út skuldabréf sem breytanlegur eru í hlutafé og eru upphæðir þessara bréfa langt fyrir ofan þau mörk sem hlutafélagalögin heimila. Þau félög sem hér um ræðir eru með tugmilljarða veltu og hefur a.m.k. einu slíku félagi verið breytt úr hlutafélag í einkahlutafélag til að komast fram hjá skýrum ákvæðum hlutafélagalaganna hvað þetta varðar.“

Í því frumvarpi sem hér er til umsagnar hefur verið tekið tillit til þeirra textabreytinga sem ríkisskattstjóri lagði til í áður nefndri umsögn. Embættið telur ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við efni frumvarpsins en ítrekar það sem fram hefur komið í eldri umsögn.


Það er skoðun ríkisskattstjóra ef frumvarpið yrði samþykkt eru líkur á að almennt siðferði í viðskiptum og umgegni við lögaðila muni batna. Mælir ríkisskattstjóri með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 139/1489
komudagur 25.2.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2011

Efni: Frumvarp til laga um hlutafélög (gegnisæ hlutafélög), 176. mál.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins var það lagt fram á 138. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Samtök atvinnulífsins skiluðu meðfylgjandi umsögn um frumvarp það sem lagt var fram á 138. löggjafarþingi. Frumvarpið virðist efnislega óbreytt frá því að það var síðast lagt fram og vísa samtökin því til fyrri umsagnar hvað varðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins.





SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. maí 2010

Efni: Frumvarp til laga um hlutafélög (gegnisæ hlutafélög) 499. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp.

Samtök atvinnulífsins taka undir það sjónarmið frumvarpsins að dulið eignarhald og flókið gagnkvæmt eignarhald hafi verið vandamál í íslensku viðskiptalífi og að nauðsynlegt sé að endurreisa traust á hlutafélögum og viðskiptum með hluti.

Sú leið sem frumvarpið boðar til breytinga á ofangreindu ástandi með stofnun nýrrar tegundar hlutafélaga, gegnsærra hlutafélaga er þó að mati SA ekki heppilegasta leiðin að takmarkinu. Með þessu nýju hlutafélagaformi sem yrði séríslenskt hlutafélagaform sem ekki þekkist erlendis er hætt við að tortryggni erlendra aðila á íslenskum félögum myndi aukast en ekki minnka. Um leið myndi stofnun nýs félagforms ekki hafa nein áhrif á gagnsæi eignarhalds í öllum þeim hlutafélögum sem starfandi eru í dag hér á landi.

Í mars sl. voru mikilvæg skref stigin í átt að auknu gegnsæi með breytingum á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög með lögum nr. 13/2010. Þannig er nú kveðið á um í þessum lagabálkum að stjórn skuli gæta þess að hlutaskrá geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma og að í hana skulu færðar upplýsingar um atkvæðisrétt hluthafa og skuli þar gæta allra þeirra samstæðutengsla sem hlutafélagið er í. Þá skal félagsstjórn sömuleiðis gera stutta samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjáreign einstakra hluthafa og rétt þeirra til að greiða atkvæði svo og um þær breytingar sem orðið hafa á árinu og skulu sambærilegar upplýsingar liggja fyrir um þau samstæðutengsl sem hlutafélagið er í.

Samtök atvinnulífsins studdu ofangreindar breytingar á hlutafélagalöggjöfni.

Að mati samtakanna kemur frekar til álita að halda áfram á þeirri braut sem mörkuð var með lögum 13/2010 en að búa til nýtt félagform um gegnsæ hlutafélög eins og lagt er til í frumvarpinu.

Þá væri hægt að gera endurbætur á núgildandi lögum um hlutafélög með því að bæta við lögin ákvæðum um aukið gagnsæi í eignarhaldi s.s. með því að kveða á um að hlutaskrá hlutafélaga skuli opin öllum sem vilja kynna sér efni hennar. Slík ákvæði eru nú þegar í hlutafélagalöggjöf bæði Noregs og Svíþjóðar og hafa verið til margra ára svo einhverjar fyrirmyndir séu nefndar. Þá væri einnig hægt að kveða á um að ef eignarhald væri í höndum lögaðila yrði hlutaskrá félagsins að geta einnig um stærsta



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

eiganda félagsins og fyrirsvarsmanns hans en með því væri erfiðara að fela eignarhald í gegnum eignarhaldsfélög í ríkjum þar sem hlutaskrá er ekki opinber.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.





Alþingi
Erindi nr. P 139/1485
komudagur 25.2.2011

23. febrúar 2011
SI-70940

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum (gegnsæ hlutafélög), 139. löggjafarþing, 176. mál.


Með tölvupósti dags. 3. febrúar sl., óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram, að því sé ætlað að endurreisa traust á hlutafélögum með því að koma í veg fyrir og uppræta veilu í hlutafélagiforminu, koma algerlega í veg fyrir að fé renni viðstöðulítið í hringi og skekki eignarhald, sýni eigið fé sem ekki er til staðar og hagnað, sem ekki er raunhæfur, tryggja að eignarhald á hlutafélögum verði gegnsætt og uppi á borðum, og að stórauka ábyrgð stjórnarmanna og endurskoðenda og þyngja refsingar til muna.

Markmið frumvarpsins er góðra gjalda vert. Seðlabanki Íslands hefur hins vegar ekki haft tæk á að meta eins vel og þyrfti hvort sú leið sem valin er sé heppileg og gerir því ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigfús Gauti Þórðarson
staðgengill aðallögfræðings



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/1484
komudagur 25. 2. 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 23. febrúar 2011

Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum. Þingskjal 192 - 176. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Viðskiptanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 3. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum. 176. mál.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að tilgangurinn með því sé að endurreisa traust á hlutafélögum með því að koma í veg fyrir og uppræta tilteknar veilur sem til staðar eru í hlutafélagaforminu. Tryggja á m.a. að eignarhald á hlutafélögum verði gegnsætt og ábyrgð stjórnarmanna og endurskoðenda aukin og refsingar vegna brota þyngdar.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en samþykkt þess mun ekki hafa bein áhrif á starfsemi embættisins.

Virðingarfyllst,

Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t. Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 24. febrúar 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum (176. mál).
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér tilkomu nýs félagáforms, gagnsæ hlutafélög.

Viðskiptaráð tekur undir það sjónarmið frumvarpsins að aukið gagnsæi í viðskiptalífnum sé af hinu góða. Flókið eignarhald getur, líkt og kemur fram í greinargerð frumvarpsins, gert eftirlit torsótt, skekkt samkeppni og auðveldað skattaundanskot. Í slíku umhverfi er dregið úr trúverðugleika viðskiptalífsins og þar með trausti til þess, sem er einn grundvallarþáttur í rekstrarumhverfi hvers fyrirtækis. Vegna þessa er ljóst að gagnsæ hlutafélög (ghf.) og aðrar ráðstafanir í sömu átt munu, með bættri viðskiptamenningu, eiga sinn þátt í að endurreisa traust og trúverðugleika til lengri tíma og flýta þar með endurreisn íslensks viðskiptalífs.

Að mati Viðskiptaráðs verður þó að hafa í huga að ghf. félagáformið verður, um sinn, takmarkað félagáform vegna skorts á sambærilegum formum erlendis. Vegna þessara takmarkana, sem eru m.a. ræddar í greinargerð frumvarpsins, getur verið ákjósanlegra fyrir fyrirtæki og hluthafa þeirra, bæði litla og stóra, að viðhalda félagáformi þeirra. Er það vegna þess að fjárfestingar í erlendum félögum verða nær ómögulegar, a.m.k. í náninni framtíð, í tilvikum ghf. og sömuleiðis verður mun erfiðara fyrir ghf. að sækja sér fjármagn á verðbréfamörkuðum hérlendis og erlendis þar sem allir hluthafar í þeim þurfa að vera einstaklingar eða ghf. til að njóta arðs og eiga atkvæðisrétt. Það er því spurning hversu farsælt ghf. félagáformið mun verða hérlendis á meðan sambærileg félagáform tíðkast ekki erlendis.

Vegna þessa lagði ráðið til, þegar þingsályktunartillaga um samningu frumvarps um gagnsæ hlutafélög var til umræðu, að við smíði þessa frumvarps yrði tekið mið af alþjóðlegri þróun á þessu sviði. Vísaði undirritaður þar m.a. til umsagnar Seðlabanka Íslands við eldri tillögu sama efnis þar sem fram kom að miklar breytingar munu eiga sér stað á regluverki fyrirtækja í Evrópu. Taldi undirritaður að slík nálgun væri bæði til þess fallin að spara frumvarpshöfundum sporin og til að tryggja samræmi í innlendu regluverki og erlendu, með tilheyrandi réttaröryggi fyrir fyrirtækin, fjárfesta og hluthafa. Þá vakti undirritaður athygli nefndarinnar á því að hætt væri við að ghf. formið yrði vannýtt með tímanum ef Evrópusambandið myndi setja á laggirnar nýtt félagáform með svipað snið og ghf, þar sem það félagáform yrði innleitt hérlendis á grundvelli EES-samningsins líkt og Evrópufélögin. Undirritaður áréttar þessi sjónarmið nú.

Að lokum tekur Viðskiptaráð undir þær fyrirætlanir að færa öll ákvæði hlutafélagalaga, er varða opinber hlutafélög sbr. 1. – 9. gr., í sérstakan kafla í stað þess að þeim sé dreift á mismunandi kafla laganna.

Viðskiptaráð leggur til að beðið verði með lögfestingu reglna um gagnsæ hlutafélög þar til ljóst verður hvort og þá hvernig svipaðar aðgerðir verða útfærðar innan ESB.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs